

RANNSÓKNASKÝRSLUR FORNLEIFADEILDAR 1996

VIII

FORNLEIFAKÖNNUN

vegna fyrirhugaðra snjóflóðavarnarvirkja

á Flateyri

Ragnar Edvardsson

FORNLEIFADEILD ÞJÓÐMINJASAFNS ÍSLANDS
REYKJAVÍK 1996

© Þjóðminjasafn Íslands/Ragnar Edvardsson
Rit þetta má afrita að fengnu skriflegu leyfi höfundar.

Fornleifakönnun

vegna fyrirhugaðra snjóflóðavarnarvirkja á Flateyri

1. Inngangur

Þann 10. maí 1996 óskaði Verkfræðistofa Sigurðar Thoroddsen þess að Þjóðminjasafnið tæki að sér fornleifakönnun vegna umhverfismats á svæði þar sem fyrirhuguð er að reisa snjóflóðavarnarvirki á Flateyri.

Þann 14. maí fól Guðmundur Ólafsson, deildarstjóri fornleifadeildar Þjóðminjasafns Íslands, undirrituðum að kanna og meta hvort fyrirhuguð snjóflóðavarnarvirki á Flateyri muni raska einhverjum fornminjum á svæðinu.

Verkið fór þannig fram að fyrst voru kannaðar heimildir sem gefið gætu vísbendingar um staðsetningu fornminja á og í kringum Flateyri. Síðan var haft upp á heimildarmanni sem aukið gæti við ritaðar upplýsingar um fornminjar á svæðinu. Loks var sjálft byggingarsvæðið kannað.

Óskað var eftir að verkinu yrði hraðað eins og kostur er. Vegna þess var ekki farið út í beina fornleifaskráningu.

Heimildarmaður: Einar Oddur Kristjánsson búsettur á Sólbakka.

2. Ágrip af sögu Flateyrar

Í Önundarfirði hafa ýmsir atburðir gerst sem áhrif hafa haft á sögu landsins. Strax á landnámsöld kemur fjörðurinn fyrir í heimildum en þar segir að Önundur Víkingsson hafi numið land í Önundarfirði og búið á Eyri¹. Atburðir í Gísla sögu Súrssonar eiga sér stað í Önundarfirði. Á Sturlungaöld bjuggu þar menn sem léku mikilvæg hlutverk í stjórnmálasögu 13. aldar og oft var fjörðurinn miðpunktur atburða sem þekktir eru í Íslandssögunni. Um aldir var í Holti í Önundarfirði ein stærsta og mikilvægasta kirkja Vestfjarða².

Verslun hófst á Flateyri 1792 og var þar útibú frá versluninni á Þingeyri. Daniel Steenback stýrði þessari verslun. Upp frá því fór að myndast þéttbýliskjarni í kringum þessa verslun.


Á síðustu áratugum 19. aldar var mikil þilskipaútgerð frá Flateyri og árið 1889 kom norðmaðurinn Hans Ellefsen til Önundarfjarðar og hóf hvalveiðar frá Flateyri. Þessar veiðar voru stundaðar þar til að veiðin þraut en þá flutti Ellefsen sig um set á Austfirði. Á þessari öld og til dagsins í dag hefur svo verið stunduð útgerð frá Flateyri.³

Í Jarðabók Árna Magnússonar frá 1710 eru tvö býli í byggð á svæðinu í kringum eyrina þar sem Flateyri stendur nú (sjá mynd hér að ofan).

¹ Landnáma, bls. 109

² Sturl. 140 -149

³ Landið, bls. 205 -206



Aftöðumynd af gömlum býlum á Flateyri.

Þessi býli eru Eyri og Hvilft. Tvö býli í landi Eyrar, Klofningur og Bakkhús, eru í eyði árið 1710 en byggjast svo aftur síðar. Bakkhús fær svo síðar nafnið Bakki en í dag stendur þar hús sem nefnist Sólbakki. Eyri var í byggð

alveg fram á þessa öld en er nú í eyði. Hvilft er enn í byggð.

Í Jarðarbókinni stendur að báðum bæjunum, Eyri og Hvilft, sé hætt fyrir snjóflóðum og að snjóflóð hafi oft tekið með sér menn og fé út í sjó. Einnig segir þar að bærinn Hvilft hafi verið færður til vegna þess að snjóflóð hafi fallið á bæinn.⁴

3. Vettvangskönnun

Könnun á því svæði þar sem sjálft snjóflóðavarnarvirkið verður byggt leiddi engar minjar í ljós. Svæðið er mjög raskað bæði af náttúrunnar hendi og sökum framkvæmda. Á svæðinu austanmegin varnarvirkjanna sáust heldur engin merki um fornminjar en nauðsynlegt er að gæta fyllstu varúðar við efnistöku nálægt húsinu Sólbakka.

Býlið Eyri stóð rétt við varnarvirkið vestanmegin. Heimildir benda til þess að það hafi sennilega staðið í rúmlega 100 metra fjarlægð frá varnarvirkinu. Engar tóftir voru sýnilegar á yfirborði. Að sögn heimildarmanns munu bæjarhúsin og útihús hafa staðið vestanmegin við varnarvirkið á því svæði þar sem nú stendur hesthús (sjá skipulagskort).

4. Niðurstöður

Svæðið þar sem snjóflóðavarnarvirkin verða byggð er að mestu leiti í fjallshlíð og sáust þar engin merki um fornminjar. Allt þetta svæði er mjög grýtt og gegnum aldirnar hafa skriður fallið þar niður. Þarna er því ekki búist við neinum fornminjum.

Á svæðinu vestanmegin stóð býlið Eyri sem var í byggð alveg frá landnámi og fram á þessa öld. Þar er fyrirhugað að taka efni til byggingarinnar og er viðbúið að þær framkvæmdir geti raskað við fornminjum (sjá skipulagskort). Einnig er hætta á að vinna við byggingu ytra leiðgarðs geti valdið raski á minjum. Því er nauðsynlegt að gæta fyllstu varúðar og haga framkvæmdum á þessu svæði þannig að efnistaka og vinna valdi ekki spjöllum á minjum. Æskilegt væri að þarna væri unnið í samráði við fornleifafræðing. Rétt er í því sambandi að minna á 20. og 21. gr. þjóðminjalaga varðandi verklegar framkvæmdir.

Bolungarvík, 21. maí 1996

Ragnar Edvardsson, fornleifafræðingur.

⁴ Jarðabók, bls. 123 - 127

Heimildaskrá

Jarðabók: Árni Magnússon, Páll Vídalín, *Jarðabók, Ísafjarðar og Strandasýsla*, 7. bindi, Rvk. 1984.
Landnáma: *Íslendinga Sögur, Landssaga og Landnám*, 1. bindi, Rvk. 1953.
Landið: Þorsteinn Jósepsson, Steindór Steindórsson, *Landið þitt Ísland*, 1. bindi, A-G, Rvk. 1984
Sturl: *Sturlunga saga*, Rvk, 1988.